Frábær árangur náðist hjá íslenska landsliðinu í haglabyssugreininni Skeet á Evrópumeistaramótinu í haglagreinum, sem fram fer í Malakasa í Grikklandi. Landslið Íslands skipa þeir Arnór Logi Uzureau, Hákon Þór Svavarsson og Jakob Þór Leifsson. Aðstæður voru krefjandi í keppninni, en vindasamt var og birta mjög breytileg vegna skýjafars. Alls tóku 94 keppendur frá 39 Evrópulöndum þátt.

Arnór Logi Uzureau náði bestum árangri íslensku keppendanna og skaut 121 leirdúfu, sem er jafnframt persónulegt met hjá honum. Hann hafnaði í 10. sæti. Hákon Þór Svavarsson skaut 119 leirdúfur og hafnaði í 27. sæti og Jakob Þór Leifsson skaut 103 og varð í 84. sæti.

Einnig var keppt um kvótapláss áÂ
Evrópuleikana í Istanbúl 2027.
Tíu efstu sætin á mótinu gáfu þjóðunum sæti á Evrópuleikana, en að lokinni keppni voru þrír keppendur jafnir með 121 dúfu.

Íslensku keppendurnir voru þegar komnir á gististað sinn þegar fréttir bárust af því að skjóta ætti bráðabana um kvótaplássið. Með dyggum stuðningi félaga sinna tókst Arnóri að mæta aftur á keppnisstað innan tímamarka.

Þar lét hann ekki pressuna hafa áhrif á sig. Arnór missti ekki úr dúfu í bráðabananum og hafði betur gegn keppendum frá Ítalíu og AIN (Rússland/Hvíta-Rússland). Með sigrinum tryggði hann Íslandi kvótapláss í Skeet karla á Evrópuleikunum 2027.

Evrópuleikarnir fara fram í Istanbúl í Tyrklandi dagana 16.–27. júní 2027 og verða skotíþróttir þar hluti af undankeppnisleiðinni fyrir Ólympíuleikana í Los Angeles 2028.

Úrslit íslensku keppendanna:

- Arnór Logi Uzureau – 121 dúfa – 10. sæti
- Hákon Þór Svavarsson – 119 dúfur – 27. sæti
- Jakob Þór Leifsson – 103 dúfur – 84. sæti

Úrslitin: https://www.esc-shooting.org/events/2026-european-championships-shotgun-athens-greece-796